

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð rafiðngreina	
Starfsheiti	Rafvirki	Löggilt iðngrein
Dagsetning	30. júní 2020	
Útgáfunúmer	1.0	

**Starfalýsing:**

Rafvirki starfar við uppsetningu, viðhald, viðgerðir og eftirlit með raftækjum, rafkerfum og rafbúnaði til vinnslu og dreifingar á raforku. Hann vinnur á verkstæðum, í nýbyggingum, farartækjum á sjó og landi, heild-og raftækjaverslunum, orkufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og iðjuverum. Rafvirki setur upp og hefur eftirlit með raflögnum og rafbúnaði í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla í byggingum, skipum og bátum. Hann hefur sérhæfða þekkingu á raflagnateikningum og getur magntekið og unnið verkáætlanir eftir þeim. Rafvirki notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir bilanaleit og viðgerðir á rafbúnaði. Hann þekkir vel til mismunandi raflagnaefnis og til hvers konar raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa. Rafvirki býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

**Hæfnikröfur:**

Setur upp og hefur eftirlit með raflögnum og rafbúnaði í byggingum, skipum, bátum og raforkudreifikerfum, í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla.

Annast viðhald rafvéla og raftækja ásamt nýlögnum og rekstri rafkerfa í farartækjum á sjó og landi.

Les raflagnateikningar vegna uppsetningar, bilanaleitar og viðhalds rafbúnaðar. Útskýrir virkni búnaðarins út frá teikningunum og magntekur og vinnur verkáætlanir eftir þeim.

Þekkir búnað raftækja, rafvéla, iðntölvustýringa, stýribúnaðar og forritanlegra raflagnakerfa og getur annast uppsetningu þeirra og viðhald.

Hefur grunnþekkingu á vélbúnaði og hugbúnaði tölvukerfa og þekkir helstu hugtök er varða lýsingartækni og getur ákvarðað lýsingarþörf við mismunandi aðstæður.

Notar viðeigandi mælitæki við störf sín og framkvæmir bilanaleit og viðgerðir á rafbúnaði og raflögnum.

Tryggir öryggi og viðhefur viðeigandi varnarráðstafanir í rafiðnaði og þekkir eftirlitsstofnanir og hlutverk þeirra vegna eftirlits og öryggismála.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.

Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.

Tjáir sig af öryggi, munnlega og skriflega, s.s. með verkdagbókum, vinnuseðlum og skýrslum.

Vinnur sjálfstætt, metur eigin getu og forgangsraðar viðfangsefnum, greinir hvaða aðferðir eiga við hverju sinni og rökstyður þær aðferðir sem hann notar.

Leiðbeinir öðrum, sýnir leikni í samstarfi og samskiptum við samstarfsfólk og tekur fullt tillit til þarfa viðskiptavina og aðstæðna.

Þekkir skipulag og uppbyggingu fyrirtækja og stofnana rafiðnaðarmanna og gerir grein fyrir hlutverki þeirra.